

Stjórn og stjórnarhættir

Stjórnarháttayfirlýsing
Arion banka hf.



Stjórnarháttayfirlýsingu þessari er ætlað að stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila, s.s. starfsmanna bankans og almennings. Stjórnarhættir bankans tryggja grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðana-töku, með það að markmiði að skapa varanleg verðmæti.

Stjórnarháttayfirlýsing Arion banka hf. (Arion banki eða bankinn) byggist á lögum og reglum og viðurkenndum leiðbeiningum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur bankans er staðfestur af stjórn. Yfirlýsingin er nánar tiltekið gerð í samræmi við 3. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 4. útgáfu, útgefna af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Íslandi hf. og Samtökum atvinnullfinsins í mars 2012.

LÖG OG REGLUR

Arion banki er fjármálafyrirtæki og hefur starfsleyfi sem viðskipta-banki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Bankinn er alhliða banki sem veitir viðskiptavinum sínum þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta. Þá hefur bankinn gefið út skuldabréf sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, á Íslandi, í Noregi og í Lúxemborg, og fellur því undir upplýsingaskyldu útgefanda skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og samkvæmt reglum viðkomandi kauphalla.

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur eftirlit með starfsemi Arion banka, á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Nánari upplýsingar um FME og yfirlit yfir helstu lög og reglur sem gilda um bankann á hverjum tíma, auk leiðbeinandi tilmæla eftirlitsins, má finna á heimasíðu þess www.fme.is. Í starfsemi bankans reynir jafnframt á ýmsa aðra löggjöf sem tengist rekstri fyrirtækja.


INNRA EFTIRLIT, ENDURSKOÐUN OG REIKNINGSSKIL

Innra eftirlit

Innra eftirlit Arion banka er skipulagt út frá þremur varnarlínum (e. three lines of defence), með það að markmiði að tryggja skilvirkni, skilgreina ábyrgð og samræma áhættustýringu. Skipulaginu er auk þess ætlað að stuðla að áhættumeðvitund og ábyrgð allra starfsmanna bankans.

Aðferðafræðin greinir á milli eftirfarandi hlutverka:

- þeir sem bera áhættuna og stýra henni
- þeir sem hafa eftirlit og aðhald með innra eftirliti
- þeir sem framkvæma sjálfstæða úttekt á skilvirkni innra eftirlits



Fyrsta varnarlínan samanstendur af þeim sem hafa daglega umsjón með viðkomandi rekstri og skipulagningu hans. Þeir bera ábyrgð á því að viðhalda skilvirku innra eftirliti og stýra áhættu í daglegum rekstri. Í þessu felst m.a. að greina og meta áhætturnar, að koma á viðeigandi stýringum og mótvægisáðgerðum og að hafa umsjón með innleiðingu innri reglna og ferla, auk þess að tryggja að framkvæmdin sé í samræmi við sett verklag svo það þjóni markmiðum sínum. Loks bera þeir ábyrgð á því að grípa til viðeigandi úrbóta til að bregðast við hugsanlegum misbrestum eða veikleikum.

Önnur varnarlínan er sett á fót til að tryggja að fyrsta varnarlínan hafi komið á fullnægjandi innra eftirliti og að það virki sem skyldi. Áhættustýring og regluvarsla eru helstu þættirnir í annarri varnarlínunni en öðrum einingum kann einnig að vera falið tiltekið eftirlitshlutverk.

Þriðja varnarlínan er innri endurskoðun, sem heldur stjórn og stjórnendum fyllilega upplýstum um gæði stjórnarháttar, áhættustýringar og innra eftirlits, þ.m.t. hvernig fyrsta og önnur varnarlínan ná fram markmiðum sínum, með framkvæmd sjálfstæðrar og óháðrar endurskoðunar.

Regluvarsla og aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Arion banki leitast við að greina hvers konar hættu á misbrestum á því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum og hefur gripið til viðeigandi ráðstafana til þess að lágmarka slíka hættu.

Innan bankans starfar sjálfstæður regluvörður í samræmi við erindisbréf stjórnar. Regluvörður hefur einkum eftirfarandi hlutverki að gegna:

Að fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni ráðstafana og aðgerða sem gripið hefur verið til með það að markmiði að lágmarka hættu á misbrestum við að uppfylla skyldur bankans samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti og lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Að veita starfsmönnum bankans nauðsynlega fræðslu og ráðgjöf til að uppfylla skyldur sínar og bankans samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka o.fl.

Að rannsaka og tilkynna lögreglu um grun um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka og tilkynna FME um grun um markaðs-svik. Regluvarsla framkvæmir einnig sjálfstæðar rannsóknir ef upp kemur grunur um brot gegn samkeppnislögum.

Regluvörður heyrir beint undir bankastjóra og gefur bankastjóra reglulega skýrslu um störf sín. Þá gefur regluvörður stjórn árlega skýrslu, auk þess að gefa endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar skýrslu ársfjórðungslega. Regluvörður hefur heimild til að skjóta málum beint til stjórnar, ef hann telur slíkt nauðsynlegt.

Regluvörður sinnir einnig útvistuðum verkefnum frá Stefni hf. og tilteknum lífeyrissjóðum.

Regluvarsla Arion banka var með sex starfsmenn í árslok 2014.

Áhættustýring

Mikilvægur þáttur í starfsemi allra fjármálafyrirtækja er að taka áhættu að vel yfirveguðu máli og samkvæmt fyrirfram skilgreindri stefnu. Þannig tekur Arion banki áhættu sem rúmast innan áhættuvilja (e. risk appetite) bankans sem er reglulega endurskoðaður og samþykktur af stjórn bankans. Sá áhættuvilji sem stjórn setur bankanum speglast í útlána- og áhættuheimildum sem áhættustýringarsvið bankans hefur eftirlit með. Stjórn ber ábyrgð á innra matsferli bankans fyrir eiginfjárbörð, en meginmarkmið ferlisins er að tryggja skilning á heildaráhættum bankans og tryggja að til staðar séu viðeigandi kerfi til að greina, mæla og hafa eftirlit með heildaráhættu bankans.

Áhættustýringarsvið bankans starfar undir stjórn framkvæmdastjóra áhættustýringar. Sviðið er sjálfstæð stjórnunareining og ber beina ábyrgð gagnvart bankastjóra. Innan áhættustýringarsviðs starfa fimm einingar sem gegna því hlutverki að greina, fylgjast með og gefa reglulega upplýsingar um áhættu bankans til bankastjóra og stjórnar.

Nánari upplýsingar um áhættu- og eiginfjárstýringu er að finna í kafla um áhættustýringu og í áhættuskýrslu bankans.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðandi er skipaður af stjórn og heyrir beint undir hana. Stjórn setur innri endurskoðanda erindisbréf sem skilgreinir ábyrgð og umfang vinnu hans. Hlutverk innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur bankans. Endurskoðunin nær yfir bankann sjálfan, flest dótturfélög og lífeyrissjóði í rekstri hans.

Erindisbréf innri endurskoðanda, leiðbeinandi tilmæli FME um störf endurskoðunardeilda fjármálafyrirtækja nr. 3/2008 og alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun móta endurskoðunina. Skoðunum innri endurskoðunar bankans lýkur með endurskoðunarskýrslu þar sem settar eru fram áhættumiðaðar athugasemdir með tímasettum kröfum um úrbætur. Innri endurskoðun fylgir úrbótum eftir ársfjórðungslega.

Hjá innri endurskoðun störfuðu átta starfsmenn í lok árs 2014.

Endurskoðun og reikningsskil

Fjármálasvið Arion banka sér um gerð reikningsskila og eru þau gerð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IFRS. Bankinn birtir almenningi uppgjör sín ársfjórðungslega en að jafnaði eru stjórnendauppgjör lögð fyrir stjórn 10 sinnum á ári. Endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar tekur árs- og árslutareikninga bankans til skoðunar auk þess sem ytri endurskoðendur kanna og endurskoða reikningsskilin tvisvar á ári. Endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar gefur álit sitt á reikningsskilunum til stjórnar, sem samþykkir og undirritar birt reikningsskil.

UMBOÐSMAÐUR VIÐSKIPTAVINA

Umboðsmaður viðskiptavina er skipaður af bankastjóra. Hlutverk hans er að tryggja sanngirni og hlutlægni, gagnvart viðskiptavinum, koma í veg fyrir mismunun og tryggja að ferli við meðferð mála sé gegnsætt og skriflegt. Umboðsmaður viðskiptavina tók til skoðunar 202 mál á árinu 2014, samanborið við 186 mál árið 2013.

HORNSTEINAR, SIÐAREGLUR OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Hornsteinar Arion banka eru heiti yfir gildi banks. Hornsteinarnir eiga að vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku og í öllu sem starfsfólk bankans gerir og segir. Þeir koma inn á hlutverk, hugarfar og hegðun. Hornsteinar Arion banka eru: Gerum gagn. Látum verkin tala. Komum hreint fram.

Stjórnendur og starfsfólk Arion banka er meðvitað um þá staðreynd að starfsemi bankans snertir mismunandi hagsmunaaðila og samfélagið í heild. Siðareglur bankans eru hugsaðar sem viðmið fyrir starfsfólk til að stuðla að ábyrgri ákvarðanatöku innan bankans. Siðareglurnar eru samþykktar af stjórn bankans.

Eitt grundvallarlögmál samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja er að heildarhagsmunir þeirra og samfélagsins fari saman. Arion banki er ábyrgur þegn í íslensku samfélagi og tekur sem slíkur virkan þátt í uppbyggingu þess og framþróun. Samfélagsleg ábyrgð bankans liggur ekki síst í því að bankinn ræki hlutverk sitt af kostgæfni, tryggi viðskiptavinum sínum öfluga þjónustu og vinni með þeim í þeim verkefnum sem þeir taka sér fyrir hendur. Bankinn styður einnig við vel valin málefni sem bæta mannlíf og efla, og er áhersla lögð á stuðning við eftirfarandi málaflokka: Nýsköpun, umhverfismál, fjármálafræðslu, íþróttir, menningu og góðgerðarmál. Mörg þessara verkefna kalla á virkan þátt starfsmanna, en það er lykillinn að því að árangur náist.

STJÓRN OG UNDIRNEFNDIR

Stjórn Arion banka fer með æðsta vald í málefnum bankans á milli hluthafafunda eins og nánar er skilgreint í lögum, reglum og samþykktum. Stjórn annast þann þátt rekstrar bankans sem ekki telst til daglegs rekstrar, þ.e. tekur ákvarðanir um mál sem eru óvenjuleg eða meiriháttar. Þá er ein af meginskyldum stjórnar að sinna eftirlitshlutverki með starfsemi bankans. Stjórn hittist að lágmarki tlu sinnum á ári. Starfsreglur stjórnar og undirnefnda hennar taka m.a. mið af lögum og áðurnefndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Starfsreglur stjórnar má finna á vefsíðu bankans. Að öðru leyti starfar stjórn eftir lögum og reglum sem eru í gildi á hverjum tíma og er hlutverk hennar skilgreint ítarlega í starfsreglum stjórnar sem settar eru m.a. með vísan til 2. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010 og samþykktu bankans.

Ein af meginskyldum stjórnar Arion banka er að ráða bankastjóra sem fer með daglegan rekstur í samræmi við þá stefnu sem hún setur. Stjórn bankans og bankastjóri leggja sig fram um að sinna störfum sínum af heilindum og tryggja að bankinn sé rekinn á heilbrigðan og traustan hátt með hagsmunum viðskiptavina, samfélagsins, hluthafa og bankans sjálfs að leiðarljósi, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Þá sér bankastjóri til þess að stjórn fái fullnægjandi stuðning til að sinna skyldum sínum.

Stjórn Arion banka er kjörin á hluthafafundi til eins árs í senn. Á síðasta aðalfundi Arion banka, sem haldinn var 20. mars 2014, voru kjörnir sjö stjórnarmenn auk þriggja varamanna. Stjórnarmenn Arion banka eru með fjölbreyttan bakgrunn og mikil breidd er í hæfni þeirra, reynslu og þekkingu. Þann 9. október hætti Björgvin Skúli Sigurðsson í stjórn bankans. Í stað Björgvins Skúla var Brynjólfur Bjarnason kjörinn í stjórn bankans á hluthafafundi 20. nóvember 2014.

Upplýsingar um óhæði stjórnarmanna voru sendar hluthöfum fyrir hluthafafund auk þess sem upplýsingar voru birtar á vefsíðu bankans eftir aðalfundinn. Fundargerðir aðalfunda og hluthafafunda eru sendarhluthöfum bankans í kjölfar funda en hafa ekki verið birtar á vefsíðu bankans, m.a. vegna núverandi hluthafafyrirkomulags.

Árið 2014 fundaði stjórn Arion banka 11 sinnum. Varamaður var kallaður til setu tvisvar sinnum á árinu, í annað skiptið vegna almennra forfalla og í hitt skiptið vegna breytinga á skipun stjórnarinnar.

Stjórnarformaður er ábyrgur fyrir starfi stjórnarinnar og stýrir störfum hennar. Stjórnarformaður stýrir fundum stjórnar og sér til þess að nægur tími fari í umræðu mikilvægra mála og að mál sem snúa að stefnumótun séu rædd ítarlega. Stjórnarformanni er ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir bankann nema að þau séu eðlilegur hluti af skyldum hans.

Á fyrsta skipulagða fundi stjórnar eftir aðalfund skipar stjórn nefndarmenn í undirnefndir úr sínum röðum ásamt því að meta hvort ráða beri utanaðkomandi nefndarmenn í einstakar undirnefndir með það að markmiði að styrkja starf þeirra með aukinni sérfræðiþekkingu. Einn nefndarmanna endurskoðunar- og áhættunefndar stjórnar, Guðjón Guðafsson, er ekki stjórnarmaður en hann er dháður bæði bankanum og hluthöfum hans. Eftirfarandi nefndir eru undirnefndir stjórnar:

Endurskoðunar- og áhættunefnd: Meginhlutverk hennar er m.a. að yfirfara erindi sem snúa að endurskoðun og áhættu og stjórn þarf að taka ákvörðun um. Regluleg verkefni nefndarinnar eru m.a. yfirferð yfir skýrslur innri eftirlitsaðila, endurskoðun á áhættustefnu, yfirferð yfir árs- og árshlutauppgjör til að tryggja gæði þeirra upplýsinga sem þar koma fram og óhæði endurskoðenda félagsins.

Lánanefnd: Meginhlutverk hennar er að fjalla um lánamál sem eru umfram þær heimildir sem undirnefndir hennar hafa.

Starfskjaranefnd: Meginhlutverk hennar er að veita stjórn ráðgjöf vegna starfskjara bankastjóra og annarra starfsmanna sem ráðnir eru beint af stjórn. Regluleg verkefni á fundum nefndarinnar eru m.a. endurskoðun á starfskjarastefnu, starfsmannastefnu, launadreifingu og endurskoðun á hvataerfi, ef það er til staðar. Hluthafafundur yfirfer og samþykkir starfskjarastefnu bankans árlega.

Stjórn bankans hefur ákveðið að ganga lengra en kveðið er á um í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja hvað varðar upplýsingaskyldu undirnefnda. Stjórn fær á hverjum fundi fundargerð síðasta fundar hvernar undirnefndar ásamt því að hafa aðgang að öllum gögnum undirnefnda.

Stjórnarmaður	Tímabil	Stjórn	Endurskoðunar- og áhættunefnd	Lánanefnd	Starfskjaranefnd
Monica Caneman	1. jan. - 31. des	11	-	11	-
Guðrún Johnsen	1. jan. - 31. des	11	5	9	6
Agnar Kofoed-Hansen	1 jan. - 20. mars	3	-	3	3
Benedikt Olgeirsson	1. jan. - 31. des	11	-	9	-
Þóra Hallgrímsdóttir ²	1. jan. - 31. des	11	6	0	7
Björgvin Skúli Sigurðsson	1. jan - 9. okt.	9	2	-	-
Kirstín Flygenring ³	20. mar. - 31. des.	8	-	-	3
Måns Höglund	1. jan. - 31. des.	10 ⁷	6	10	-
Ólafur Örn Svansson ⁴	30. jan / 18. nóv.	2	-	-	-
Brynjólfur Bjarnason ⁵	20. nóv. - 31. des.	1	-	-	-
Guðjón Gústafsson ⁶	1. jan. - 31. des.	-	5	-	-

¹ Agnar Kofoed-Hansen sat í stjórn bankans til 20. mars 2014. Þann sama dag var kjörin í stjórn bankans Kirstín Flygenring.

² Björgvin Skúli Sigurðsson sagði af sér stjórnarmennsku þann 9. október.

³ Kirstín Flygenring var kjörin í stjórn á aðalfundi bankans þann 20. mars 2014. Hún var áður varamaður í stjórn bankans.

⁴ Ólafur Örn Svansson sat tvo fundi á árinu sem varamaður.

⁵ Brynjólfur Bjarnason var kjörinn í stjórn bankans á hluthafafundi þann 20. nóvember 2014, í stað Björgvins Skúla Sigurðssonar.

⁶ Guðjón Gústafsson er nefndarmaður í endurskoðunar- og áhættunefnd. Hann er ekki stjórnarmaður.

⁷ Máns Höglund forfallaðist á fundi stjórnar þann 30. janúar og var Ólafur Örn Svansson kallaður til sem varamaður.

Lánanefnd stjórnar fundaði tólf sinnum á árinu, endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar fundaði fimm sinnum og starfskjaranefnd stjórnar fundaði sjö sinnum á árinu. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir mætingu einstakra stjórnarmanna.


Stjórn Arion banka framkvæmir árlega árangursmat þar sem hún metur m.a. störf sín, nauðsynlegan fjölda stjórnarmanna, sam-

setningu stjórnar m.t.t. reynslu og hæfni, verklag og starfshætti, frammistöðu bankastjóra, árangur sinn sem og störf undirnefnda m.t.t. framangreindra þátta. Þetta mat framkvæmdi stjórn síðast á fundum sínum og á milli funda á tímabilinu 9. október til 10. desember 2014.

Stjórn Arion banka



Stjórnskipun Arion banka



STJÓRN ARION BANKA

MONICA CANEMAN, STJÓRNARFORMAÐUR



Monica er fædd árið 1954. Hún er sænsk og býr í Svíþjóð. Hún var fyrst kjörin sem stjórnarmaður á hluthafafundi 18. mars 2010. Hún er ekki hluthafi í Arion banka og er óháður stjórnarmaður. Monica er formaður lánanefndar stjórnar.

Monica útskrifaðist með BS-gráðu í hagfræði frá Stockholm School of Economics árið 1976.

Um þessar mundir situr Monica í stjórnnum margra fyrirtækja og félagasamtaka og er formaður nokkurra þeirra. Hún starfaði hjá Skandinaviska Enskilda Banken (nú SEB) frá 1977 til 2001. Monica gegndi ýmsum störfum innan viðskiptabankahluta bankans. Árið 1995 tók hún sæti í framkvæmdastjórn og varð aðstoðarforstjóri 1997. Samtímis varð hún varamaður í stjórn bankans. Monica lét af störfum í bankanum 2001. Síðan hefur hún einbeitt sér að setu í stjórnnum fyrirtækja.

GUÐRÚN JOHNSEN, VARAFORMAÐUR



Guðrún er fædd árið 1973. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á hluthafafundi

18. mars 2010. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er háður stjórnarmaður. Guðrún er formaður starfskjaranefndar stjórnar og situr jafnframt í endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar og lánanefnd stjórnar.

Guðrún lauk MA-prófi í hagnýtri hagfræði frá University of Michigan,

Ann Arbor í Bandaríkjunum árið 2002 og ári síðar MA-prófi í tölfræði frá sama skóla. Hún lauk BA-prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands 1999.

Guðrún starfar í dag sem lektor í fjármálum við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Frá 2009 til 2010 starfaði Guðrún sem yfirrannsakandi í rannsóknarnefnd Alþingis þar sem hún leitaði orsaka og atburða sem leiddu til falls Íslenska bankakerfisins árið 2008. Hún var lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík frá 2006 til 2013. Á árunum 2004 til 2006 starfaði Guðrún sem sérfræðingur í fjármálakerfisdeild Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hún var aðstoðarkennari og aðstoðarmaður í rannsóknum hjá University of Michigan, Ann Arbor frá 2002 til 2003. Guðrún starfaði sem verðbréfamiðlari hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. (FBA) á árunum 1999 til 2001. Hún sat í stjórn Rekstrarfélags MP Fjárfestingarbanka hf. og er stjórnarformaður ÞOR ehf. (Þróunar og rannsókn).

BENEDIKT OLGEIRSSON



Benedikt er fæddur árið 1961. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi 18. desember 2013. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Benedikt situr í lánanefnd stjórnar.

Benedikt lauk meistaraþrófi í framkvæmdaverkfræði og verkefnastjórnun hjá University of Washington í Seattle árið 1987. Hann hefur einnig lokið námskeiðum tengdum stjórnun, rekstri og fjármálum, m.a. við Wharton Business School og Harvard Business School. Benedikt lauk prófi í byggingaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1986.

Benedikt hefur verið aðstoðarforstjóri Landspítalans frá 2010. Á árunum 2005 til 2009 starfaði hann sem framkvæmdastjóri hjá Atorku hf. Benedikt var framkvæmdastjóri Parlogis ehf. frá 2004 til 2005. Hann starfaði sem stjórnandi hjá Eimskip hf. frá 1993 til 2004 sem forstöðumaður flutningamiðstöðvar í Sundahöfn, forstöðumaður innanlandsflutninga og síðast sem forstöðumaður Eimskips hf. í Hamborg. Frá 1988 til 1992 starfaði Benedikt sem verkefnastjóri við mannvirkjagerð. Benedikt var stjórnarmaður í Promens hf. frá 2005 til 2010. Hann sat einnig í stjórn InterBulk Group, sem er skráð í Kauphöllinni í London, frá 2007 til 2010. Auk þess var Benedikt stjórnarformaður Icepharma hf. og Parlogis ehf. frá 2005 til 2007.

BRYNJÓLFUR BJARNASON



Brynjólfur er fæddur árið 1946. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi

20. nóvember 2014. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður.

Brynjólfur útskrifaðist með MBA-gráðu frá University of Minnesota árið 1973. Hann útskrifaðist með cand.oecon.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1971.

Brynjólfur var framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands frá 2012 til 2014. Á árunum 2007 til 2010 starfaði hann sem forstjóri Skipta. Brynjólfur var forstjóri Símans frá 2002 til 2007. Hann starfaði sem forstjóri Granda hf. frá 1984 til 2002. Frá 1976 til 1983 starfaði Brynjólfur sem framkvæmdastjóri AB bókaútgáfu. Brynjólfur var auk þess forstöðumaður hagdeildar VSI á árunum 1973 til 1976. Brynjólfur hefur mikla reynslu af stjórnarsetu og hefur setið í fjölmörgum stjórnnum í gegnum tíðina og gegnt stjórnarformennsku í nokkrum þeirra. Brynjólfur hefur setið í stjórn Genís síðan 2011 og í stjórn Leikritunarsjóðs Leikfélags Reykjavíkur síðan 2009.

KIRSTÍN Þ. FLYGENRING



Kirstín er fædd árið 1955. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á hluthafafundi 22. mars 2012 sem varamaður. Hún var svo kjörin sem aðalmaður á aðalfundi bankans 20. mars 2014. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Kirstín situr í starfskjarnanefnd stjórnar.

Kirstín lauk MA-prófi í hagfræði frá Northwestern University í Illinois í Bandaríkjunum árið 1983. Hún útskrifaðist með cand.oecon-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1980. Árið 1994 lauk hún námi í hagnýtri fjölmiðlun við Háskóla Íslands og diplómaprófi í evrópskum samkeppnisrétti frá Kings College í London 2004.

Kirstín starfar í dag sem sjálfstæður ráðgjafi. Á árunum 2011 til 2013 var hún einn þriggja nefndarmanna í Rannsóknarnefnd Alþingis um Íbúðalánasjóð. Þá var hún stundakennari og aðjúntkt við Háskóla Íslands frá 2007 til 2012 ásamt því að vera sérfræðingur við Rannsóknarstofnun í fjármálum og hagfræði við Háskólann í Reykjavík frá 2007 til 2009. Frá 2001 til 2007 starfaði Kirstín sem hagfræðingur fyrst á Þjóðhagsstofnun og síðan á Hagfræðisviði Seðlabanka Íslands. Árið 1998 tók hún við ritstjórn hagfræðiorðasafns á vegum Íslenskrar málstöðvar við HÍ sem lauk með útgáfu árið 2000. Árin 1995 til 1998 var hún jafnframt hagfræðingur hjá Fiskifélagi Íslands. Þá vann hún sem ráðgjafi og umsjónarmaður markaðskannana hjá Hagvangi á árunum 1984 til 1986 og í framhaldi af því sem markaðsstjóri hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsana hf. (nú Icelandic Group hf.) til 1989. Kirstín hóf starfsferil sinn sem hagfræðingur hjá Félagi Íslenskra iðnrekenda og síðar hjá OECD.

Kirstín hefur sinnt ýmsum stjórnar og nefndarstörfum, en hún var m.a. formaður Samkeppnisráðs frá 2002 til 2005 og 2009 til 2012 sat hún í stjórn Miðengis ehf., eignarhaldsfélags í eigu Íslandsbanka. Kirstín hefur jafnframt setið í Úrskurðarnefnd fjarskipta og póstmála frá árinu 2008.

MÁNS HÖGLUND



Máns er fæddur árið 1951. Hann er sænskur og býr í Portúgal. Hann var fyrst kjörinn sem aðalmaður í stjórn Arion banka á aðalfundi hans 24. mars 2011. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Máns er formaður endurskoðunar- og áhættunefndar stjórnar og situr í lánanefnd stjórnar.

Máns útskrifaðist með BS-gráðu í hagfræði frá Stockholm School of Economics árið 1975.

Frá 2002 til 2011 starfaði Máns hjá Swedish Export Credit Corporation (SEK) sem framkvæmdastjóri fyrirtækjaþjónustu með sæti í framkvæmdastjórn bankans. Á árunum 1999 til 2002 vann hann fyrir bæði Unibank (sem forstöðumaður yfir Svíþjóð) og Nordea (sem

forstöðumaður einkabankaþjónustu, Svíþjóð). Frá 1991 til 1999 starfaði Måns hjá Swedbank, m. a. sem forstöðumaður fyrirtækjastíðs. Árið 1984 hóf hann störf hjá Götabanken í London en færði sig svo til Stokkhólms innan sama banka árið 1989 þar sem hann starfaði sem forstöðumaður alþjóðafjármálastíðs til 1991. Måns gegndi ýmsum störfum hjá Hambros Bank í London frá 1977 til 1984, m.a. sem svæðisstjóri fyrir Danmörku og Ísland í tvö ár. Áður starfaði hann við kennslu og vann við rannsóknir hjá Stockholm School of Economics.

ÞÓRA HALLGRÍMSDÓTTIR



Þóra er fædd árið 1974. Hún var fyrst kjörin sem aðalmaður í stjórn bankans á aðalfundi hans 21. mars 2013 eftir að hafa setið sem varamaður í stjórn síðan á aðalfundi bankans þann 24. mars 2011. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Þóra situr í endurskoðunar- og áhættunefnd stjórnar og starfskjaranefnd stjórnar.

Þóra lauk kandiðatsprófi í lögfræði við Háskóla Íslands árið 2000 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2002.

Þóra hefur starfað sem sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík í váttrygginga-, samninga- og skaðabótarétti frá 2011. Fyrir þann tíma starfaði Þóra hjá tveimur tryggingarfélagum; hjá Tryggingamiðstöðinni hf. frá 2000 til 2005 og hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. frá 2005 til 2011. Þóra situr í stjórn Virk-Starfs-endurhæfingarsjóðs ses., tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins, stjórn Lögfræðingafélags Íslands og er framkvæmdastjóri Tímarits lögfræðinga. Hún er einnig formaður í úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og formaður úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, tilnefnd af ráðherra.

VARAMENN Í STJÓRN ERU:

Björg Arnardóttir, viðskiptafræðingur, Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, lögfræðingur og Ólafur Örn Svansson, hæstaréttarlögmaður.

SAMSKIPTI STJÓRNAR OG HLUTHAFA

Stjórnarformaður sér um samskipti fyrir hönd stjórnar og bankans við hluthafa á milli löglega boðaðra hluthafafunda sem eru meginvettvangur upplýsingagjafar til hluthafa. Jafnframt hafa hluthafar, fyrir tilstuðlan stjórnar, komið á ársfjórðungslegum fundum þar sem bankastjóri kynnir árshlutauppgjör bankans.

BANKASTJÓRI HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON

Höskuldur er fæddur árið 1959. Hann tók við stöðu bankastjóra Arion banka í júní 2010. Höskuldur er ekki hluthafi í bankanum og við hann hafa ekki verið gerðir kaupréttarsamningar. Höskuldur starfaði áður sem forstjóri Valitor hf. frá árinu 2006. Hann starfaði hjá Eimskip í 17 ár þar sem hann sinnti margvíslegum stjórnunarstörfum, þar á meðal stöðu aðstoðarforstjóra fyrirtækisins. Höskuldur hefur jafnframt setið í stjórnnum fjölmargra félaga og fyrirtækja hér á landi og erlendis. Höskuldur útskrifaðist með cand. oecón.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1987.

Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans. Bankastjóri veitir stjórn skýrslur um rekstur og fjárhag bankans og öll mikilvæg atriði sem geta haft áhrif á rekstur og efnahag bankans. Um ábyrgð og skyldur bankastjóra er að öðru leyti vísað til VII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, og IX. kafla laga um hlutafélög. Starfsskyldur bankastjóra og ábyrgð hans taka mið af því lagaumhverfi sem um bankann gildir á hverjum tíma og þeim reglum sem stjórn bankans kann að setja.

UPPLÝSINGAR UM BROT Á LÖGUM OG REGLUM OG DÓMSMÁL

Arion banka hefur ekki verið synjað um skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti eða starfsemi. Bankinn hefur ekki sætt afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða leyfis.

Upplýsingar um dómssál tengd Arion banka er að finna í skýringum með ársreikningi samstæðu bankans.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt af stjórn bankans á fundi hennar 24. febrúar 2015.